



**Nýársávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
1. janúar 2024**

Kæru landsmenn.

Fyrir hönd okkar Elizu óska ég ykkur öllum gleðilegs nýs árs. Megi það færa ykkur farsæld og fagnaðarstundir. Sem betur fer bjuggu mörg okkar við þannig blessun á því ári sem nú er liðið. Um leið vitum við að sums staðar knúði sorgin dyra, sums staðar erfiði og þrautir. Hugsum hlýtt til þeirra sem syrgja og sakna, til þeirra sem eiga um sárt að binda í dagsins önn.

Árið var um margt sögulegt. Í byrjun þess var hálf öld liðin frá upphafi eldgoss í Vestmannaeyjum og snemma vetrar þurfti að rýma Grindavík, aðra blómlega byggð, eftir hrikalega skjálftahrinu og hættu á jarðeldum. Síðan gaus og við verðum víst að búa okkur undir óróa á Reykjanesskaga um árabíl.

Ég færi Grindvíkingum hlýjar kveðjur og þakka öllum sem hafa sýnt þeim samhug í verki. Í jólakveðju til síns heimafólks kvaðst Fannar Jónasson bæjarstjóri dást að þeirri þrautseigju sem sá samheldni hópur hefur sýnt síðustu vikur. Undir þau góðu orð hljótum við öll að taka.

Frá undanförunum árum má minnst fleiri hamfara; veðurofsa sem olli rafmagnsleysi og öðrum vanda norðanlands, skriðufalla og snjóflóða fyrir vestan og austan, og er þá aðeins það helsta talið. Við hemjum ekki ægimátt náttúruaflanna en við ráðum eigin viðbrögðum. Þegar í nauðir rekur getum við reitt okkur á öflugar björgunarsveitir og aðra sem sinna hjálp á vettvangi. Í því liggur mikil gæfa.

Svo eru það mannanna verk. Um víða veröld hækkar meðalhiti og öfgar í veðurfari aukast. Þessum vanda getur mannkyn mætt með breyttum lífnaðarháttum, minni notkun jarðefnaeldsneytis og minni mengun. Á alþjóðavettvangi virðist einhugur um aðgerðir í þá veru og þótt okkar framlag muni aldrei ráða úrslitum þurfum við Íslendingar að leggja okkar af mörkum.

Enn geisa líka stríð úti í heimi. Í hittifyrri réðst Rússlandsher með offorsi inn í Úkraínu og fyrir skömmu var hryðjuverkaárás í Ísrael svarað með innrás á Gasa. Þar liggja nú tugþúsundir manna í valnum, þeirra á meðal þúsundir blásaklausra barna.

Því miður eru þær veikar, vonir um varanlegan frið á þessum slóðum en hann verður að komast á. Slíka kröfu hljótum við að styðja en samhliða því megum við muna hversu dýrmætt það er að búa í landi án átaka eða hatrammra illinda frá degi til dags; að búa í landi þar sem við njótum frelsis, öryggis og annarra mannréttinda.

Og nú bíður nýtt ár, með öllum sínum tækifærum og þrautum ef svo ber undir. Auðvitað vitum við aldrei til fulls hvað framtíðin ber í skauti sér en í því felst einmitt hin fagra óvissa lífsins. Þannig komst ég að orði vorið 2016, þegar ég bauð mig fyrst fram til forseta. Þá sagði ég að næði ég kjöri og svo endurkjöri vildi ég ekki sitja lengur á Bessastöðum en átta til tólf ár. Hafði ég þá til hliðsjónar eigin sjónarmið og ýmissa annarra í tímans rás.

Hvern einasta dag hef ég fundið hversu einstakur sá heiður er að gegna þessari stöðu. Þess vegna neita ég því ekki að ég íhugaði vandlega að sækjast eftir stuðningi til frekari setu eitt kjörtímabil enn. Aftur á móti komst ég ætíð að þeirri niðurstöðu að betra væri að láta hjartað ráða en fylgja öðrum rökum sem hljóta að teljast veikari þegar allt kemur til alls.

Í samfélagi liggja skyldur sérhvers víða en höfum þó ætíð í huga að vilji fólk styðja aðra þarf það einnig að gæta að eigin líðan. Þetta nefndi skáldið Gerður Kristný í hugvekju á nýliðinni aðventu og bætti við þeim sannindum að þær stundir sem við eigum ein með sjálfum okkur eða þeim sem okkur þykir vænst um eru jafnvel mikilvægari en okkur grunar.

Í öfluglu lýðræðissamfélagi kemur maður líka í manns stað. Engum er hollt að telja sig ómissandi og skyldurækni á misskildum forsendum má ekki ráða för, því síður eigin hégómi eða sérhagsmunir.

Kæru landar, kæru vinir: Af öllum þessum sökum hyggst ég ekki vera í framboði í því forsetakjöri sem verður í sumar, kýs frekar að halda sáttur á braut innan tíðar og er þess fullviss – ef ég má nefna það sjálfur – að Íslendingum muni eins og fyrri daginn auðnast að kjósa sér forseta sem þeir una við.

Eftir sem áður hlakka ég til að fylgjast með íslensku samfélagi vaxa og dafna. Þekktu sjálfan þig og þekktu þína þjóð. Þannig hef ég viljað mæta hverjum degi hér og segi hiklaust að við Íslendingar megum svo sannarlega horfa björtum augum fram á veg. Ég þarf þó að nefna sitthvað sem getur valdið áhyggjum eða ama: sífelldur ys og þys sem ýtir jafnvel undir sýndarmennsku eða kvíða nema hvort tveggja sé, harka og heift í dómum á líðandi stundu, gáleysi um mál okkar og menntun, fátækt sumra í samfélagi allsnægta.

En allt þetta getum við samt lagað. Grunnstoðirnar eru traustar og heimurinn er ekki á heljarþröm. Þrátt fyrir allt sem betur má fara er það svo margt sem getur fyllt okkur stolti og gleði, bjartsýni og von.

Eflum það sem sameinar okkur, ekki síst þann grundvöll framfara að hver manneskja fái að sýna hvað í henni býr, sjálfri sér og öðrum til heilla, en sömuleiðis að öll þau sem þurfa á aðstoð að halda fái notið hennar í krafti samvinnu og samkenndar. Virðum gömul og góð gildi en fögnum líka ferskum straumum – þannig treystum við þann þráð sem þarf að liggja milli þess sem var, er og verður.

Og látum okkur þykja vænt um landið okkar. Næstu kynslóðir eiga það skilið. Þetta land á það skilið. – *Land*, það er heiti ljóðs eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur sem lýsir svo vel heilbrigðri ættjarðarást, á tímum þegar víðsýni og væntumþykja verða að einkenna alla okkar þjóðerniskennd, ekki illska eða dramb, ekki tortryggni eða ótti við nýmæli og fjölbreytni. Ljóðið er svona:

Ég segi þér ekkert um landið
ég syng engin ættjarðarljóð
um hellana, fossana, hverina
ærnar og kýrnar
um baráttu fólksins
og barning í válegum veðrum

nei. En stattu við hlið mér
í myrkrinu. Andaðu djúpt
og finndu það streyma

segðu svo:
Hér á ég heima.

Kæru samlandar: Þetta er ekki kveðjustund en ég leyfi mér samt að þakka ykkur öllum við þetta tækifæri, þakka þeim fjölda fólks sem ég hef kynnst á forsetastóli, hér á Bessastöðum, úti um allt land og erlendis, oftast við ljúf tilefni en einnig á erfiðum stundum. Við vitum að þær verða aldrei með öllu umflúnar. „Það er tálsýn og eftirsókn eftir vindi að halda að lífið geti orðið eða eigi að vera einn dans á rósum, samfelld hlátrabuna.“ Þannig mæltist Vigdís Finnbogadóttur í einu sinna ávarpa við áramót og eru það orð að sönnu.

Já, ég færi fram þakkir. Ég þakka vinum og fjölskyldu stuðning í hvívetna og ég þakka ykkur eldri í hópi landsmanna, ykkur sem með viti og striti lögðu grunn að velferðarríki okkar daga. Saman verðum við að tryggja að þið megið njóta notalegs ævikvölds.

Ég þakka kynni við þau ykkar sem standið höllum fæti í samfélaginu af einhverjum völdum, viljið sanngirni og réttlæti en eruð æðrulaus í andbyr lífsins. Af því má margan lærdóm draga.

Ég þakka þeim sem hafa helgað því krafta sína að sinna öðrum; starfsliði heilbrigðis- og menntastofnana og þeim sem stuðla á ýmsa vegu að bættri líðan okkar á líkama og sál. Öðrum vinnandi stéttum eigum við líka skuld að gjalda; bændum, sjómönnum og fiskvinnslufólki, fjölbreyttri sveit á sviði iðnaðar og viðskipta, nýsköpunar, verslunar og ferðapjónustu, og er þá ekki allra getið sem færa björg í bú.

Ég þakka gott samstarf við embættismenn og kjörna fulltrúa. Hér hef ég einkum í huga forsætisráðherra og aðra í ríkisstjórnnum minnar tíðar, auk þeirra sem sitja og setið hafa á Alþingi Íslendinga þau ár. Jafnframt hugsa ég hlýtt til þeirra kirkjunnar þjóna og fulltrúa trú- og lífsskoðunarfélaga sem ég hef rætt við og kynnst. Trú getur verið svo traust haldreipi þótt þar verði hver og einn að finna sína þörf án boðs eða banna. Við skulum hafa ein lög en megum hafa fleiri siði.

Sömuleiðis þakka ég forverum mínum góða viðkyningu, Ólafi Ragnari Grímssyni og Vigdísí Finnbogadóttur. Eins hef ég notið arfleifðar fyrri forseta, þeirra Sveins Björnssonar, Ásgeirs Ásgeirssonar og Kristjáns Eldjárns.

Þá lýsi ég aðdáun minni á þeim sem skara fram úr í þjóðlífinu og bera hróður Íslands víða, frumkvöðlum í heimi vísinda og tækni, snillingum á sviði menningar og lista, íþróttafólki og öllum öðrum sem fylla okkur stolti og gleði yfir því að vera smáþjóð sem getur unnið stóra sigra.

Svo met ég þau mikils sem flytja hingað að utan, hafa jafnvel flúið stríð og hungur, þurfa að fóta sig á framandi velli en eru staðráðin í að vinna samfélaginu gagn, skipa sér verðugan sess hér, læra tungumálið ef því er að skipta; og hjálpum þeim þá til þess.

Loks þakka ég öllum þeim börnum og ungmennum sem ég hef kynnst undanfarin ár, í skólum, á samkomum og víðar. Krakkar, þið eruð frábær! Þið fyllið okkur bjartsýni sem eldri erum. Ef það er eitthvað sem á bjátar í ykkar umhverfi og uppeldi er það okkur að kenna, ekki ykkur. En bætum það þá saman. Ég vona að þið berið gæfu til að vera ætíð trú ykkar sannfæringu, að þið eignist drauma og setjið ykkur markmið, fyllist metnaði og sjálfstrausti og finnið hvernig ykkur líður best í sál og sinni. Veljið samt ekki alltaf léttustu leiðina. „Eitt er að finna til þreytu og annað að gefast upp,“ sagði Kristján Eldjárn á sinni tíð hér á Bessastöðum. Sýnið seiglu og þrjósku ef þarf.

Ágætu landsmenn. „Nú er ég glaður á góðri stund,“ kvað séra Hallgrímur Pétursson á sínum tíma og svo færði hið merka sálmaskáld djúpa speki í falleg

orð, íslensk orð sem lifa vel þótt aldir líði: „Gott er að hætta hverjum leik, þá hæst fram fer.“

Fyrir hönd okkar hjóna þakka ég enn þá velvild og hlýju sem við höfum notið. Ég óska ykkur öllum heilla, hamingju og velfarnaðar. Gleðilegt nýtt ár!